

22

21. febr.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akraneskaupstað, nr. 207 7. nóv. 1947, sbr. reglugerð nr. 107 6. ágúst 1954, um breytingu á þeirri reglugerð.

1. gr.

A-liður 14. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar 5—200 smálestir brúttó, sem eru eign manna búsettra á Akranesi og gerðir eru út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Akranesi a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 10 krónur af hverri brúttósmálest skips eða báts, þó ekki yfir 1000 krónur fyrir einn bát eða skip og aldrei minna en 100 krónur. Vélbátar, minni en 5 smálestir brúttó, skulu greiða 100 króna lestagjald á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

23

21. febr.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 67 14. maí 1949, sbr. reglugerð nr. 49 20. marz 1953, um breytingu á þeirri reglugerð.

1. gr.

38. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur. Gjald kr. 1.25 hver 100 kg:
Kol, salt.
2. flokkur. Gjald kr. 1.40 hver 100 kg:
Kornvörur, fóðurvörur, áburður, kartöflur.
3. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Saltfiskur, frosinn fiskur, frosin síld.
4. flokkur. Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Járn, járnvörur, sement, pappír til húsagerðar, vörur til símlagna og girðinga, veiðarfæri, tvistur, pokar, fiskumbúðir, mjólk.
5. flokkur. Gjald kr. 2.40 hver 100 kg:
Brennsluolia, benzín, smurolíur.
6. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Kjöt, gærur, slátur.
7. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Kaffi, sykur, smjörlíki, skreið.

8. flokkur. Gjald kr. 3.50 hver 100 kg:
Bifreiðavarahlutar, vélar, varahlutir í vélar.
9. flokkur. Gjald kr. 0.60 hver 10 kg:
Málningarvörur, kitti, lím, gips, ávextir nýir og þurrkaðir, veggfóður, korkvörur, linoleum, gúmmí, pappír, olíufatnaður.
10. flokkur. Gjald kr. 1.20 hver 10 kg:
Blikkvörur, leirvörur, saumavélar, hreinlætisvörur, glervörur, burstavörur, eldhúsáhöld, divanteppi, leður, lyfjavörur.
11. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, kvikmyndir, hljóðfæri, sportvörur, skotfæri, sælgæti, peningaskápar, leikföng, klukkur, mælar, símar, áttavitar.
12. flokkur. Gjald kr. 3.20 hver 10 kg:
Tóbaksvörur, vín, spíritus.
13. flokkur. Gjald kr. 0.60 hvert teningsfet:
Timbur.
14. flokkur. Gjald kr. 0.75 hvert teningsfet:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
15. flokkur. Gjald fyrir:
- | | |
|--|---------------------------|
| Full lýsis- og olíuföt | kr. 4.20 fyrir hvert stk. |
| Tómar stáltunnur, smurolíuföt, öl og gosdrykkjakassar fullir, síldartunnur fullar .. | — 2.00 — — — |
| Sauðfé | — 2.00 — hverja kind. |
| Stórgripí | — 10.00 — hvern grip. |
16. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, ótaldar annars staðar.
Hluti úr gjaldeiningu reiknast sem heil gjaldeining.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.